

Ósk um álit og rökstuðning

Til : Sveitarstjóri Dalabyggð
Frá : Sigurður Sigurbjörnsson <siggi@budardalur.is>
CC : vifl@simnet.is <vifl@simnet.is>
Heiti : Ósk um álit og rökstuðning
Málsnúmer : 2107017
Málsaðili : Sigurður Sigurbjörnsson
Skráð dags : 09.07.2021 16:08:58
Höfundur : Sigurður Sigurbjörnsson <siggi@budardalur.is>

Sæll Kristján.

Þann 4.júní síðastliðinn sat ég 117. fund umhverfis og skipulagsnefndar Dalabyggðar sem varamaður. Líkt og fram kemur í fundargerð fundarinnar óskaði formaður nefndarinnar eftir því að undirritaður myndi víkja af fundi þar sem hann taldi undirritaðan vanhæfan til að fjalla um málefni 1.2.- og 3. á fundinum.

Eða eins og segir í upphafi fundargerðar:

Í upphafi fundar óskaði formaður eftir því að færa mál 1., 2. og 3. aftast í dagskrána. Tekið var fram að það væri gerlegt að nefndinni væri vanhæfur til að taka þátt í umræðum um mál 1. og 2. er varða málefni aðalskipulagsbreytinga vegna varða að ræða breytingu á aðalskipulagi vegna fyrirhugaðs vindorkuvers á Hróðnýjarstöðum og hins vegar vegna breytinga á Sólheimum. Samþykkt samhljóða.

Í ljósi þessa óska ég eftir áliti og rökstuðningi sveitarstjóra þess efnis, hvað honum finnst um þessa afgreiðslu málsins hjá formanni umhverfis og skipulagsnefndar? Einnig hvort sveitarstjóri telji undirritaðan vanhæfan og þá hvað geri undirritaðan vanhæfan til þess að fjalla um málefni er varða breytingu á aðalskipulagi vegna vindorku í sveitarfélaginu?

Óska vinsamlega eftir staðfestingu á móttöku þessa erindis.

Virðingarfyllst;
Sigurður Sigurbjörnsson
Vígóltsstöðum
s: 8991976